



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 15. mars 2021  
ÞON21030034

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs  
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs - R21030125***

Vísað er til bréfs, dagsett þann 12. mars 2021, þar sem óskað er eftir svari þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað embættismanna/starfsmanna þjónustu- og nýsköpunarsviðs við ferðir erlendis síðastliðin fjögur árin.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri



## Svar

**Viðtakandi:** mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð  
**Sendandi:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs - R21030125

Þann 11. mars 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn í mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráði:

*Borgarfulltrúa Flokks fólksins stendur ekki á sama um fjármuni borgarbúa og telur að allt of miklum fjármunum sé varið í allskyns óhlutlæg verkefni eins og gríðarleg ráðgjafarkaup og hugmyndavinnu ýmiss konar sem lítið virðist skilja eftir sig í raunverulegum vörum eða hagræðingu. Borgarfulltrúa finnst eins og á þessu sviði sé einhvers konar hugmyndasmíð í gangi sem ekki er séð hverju skilar nema fjárútlátum í stað afurða í formi lausna fyrir Reykvíkinga. Það eru Reykvíkingar sem eru að greiða fyrir þessi stafrænu verkefni sem kynnt hafa verið að undanförunu og undanfarin ár án þess að ávinningur sé beinlínis sýnilegur eða ápreifanlegur. Vegna þessa spyr borgarfulltrúi Flokks fólksins um kostnað embættismanna/starfsmanna þjónustu- og nýsköpunarsviðs við ferðir erlendis: ráðstefnur, námskeið, námsferðir eða nám. Spurt er um kostnað síðustu 4 ár.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 12. mars 2021.

### Svar:

Yfirlit yfir ferðakostnað er reglulega lagt fyrir borgarráð. Þeirri spurningu sem hér er lögð fram hefur verið svarað áður. Er vísað meðal annars til svars skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 4. febrúar 2019, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna dagpeninga í utanlandsferðum, sbr. 35. lið fundargerðar borgarráðs frá 20. september 2018; til svars skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 17. mars 2020 við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við ferðir á fundi erlendis síðastliðin 2 ár, sbr. 34. lið fundargerðar borgarráðs frá 7. nóvember 2020; til svars fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 30. nóvember 2020, við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ferðakostnað árið 2020 samanborið við árið 2019, sbr. 37. lið fundargerðar borgarráðs frá 1. október 2020. Þessi svör tiltaka allan ferðakostnað aftur til ársins 2016.

Virðingarfyllst,

Óskar J. Sandholt